

Nd.

## 88. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Flm.: Einar Sigurðsson.

### 1. gr.

Fyrir orðin „á tímabilinu 15. júní til 31. október“ í 2. málsg. 1. gr. laganna komi: á tímabilinu 1. júní til 30. nóvember.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Opnun fiskveiðilandhelgi Íslands fyrir dragnótaveiðum á s. l. ári var mjög mikilvæg fyrir útgerð smærri báta. Þessar veiðar veittu ekki aðeins atvinnu þeim mörgu sjómönnum, sem á skipunum voru, heldur mörgum mönnum og konum í fiskiðjuverunum í landi. Talið er, að 113 bátar hafi stundað þessar veiðar árið 1960, þegar þeir voru flestir, og svipuð var þátttakan og þó heldur meiri 1961. Varla eru færri en 4 menn að meðaltali á hverjum bát.

Í stórum verstöðvum eins og Vestmannaeyjum og víðar hafa þessar veiðar breytt sumrinu úr athafnalitlum árstíma í engu minni annatíma en sjálfa vetrarvertíðina. En þetta á ekki aðeins við um Vestmannaeyjar, heldur og fjöldamargar verstöðvar aðrar, þótt í Eyjum kveði mest að þessum veiðum.

Afli sá, er barst á land úr dragnót 1960, var 9951 lest, þar af flatfiskur 3290 lestir, að útflutningsverðmæti um 100 milljónir króna, þótt það sé lausleg ágizkun. Í ár er aflaverðmætið engu minna. Hér á landi hagar svo til, að vetrarvertíð hefst upp úr áramótum og stendur til 11. maí. Þeir bátar, sem ætla að stunda dragnótaveiðar, verða því að bíða í nærri mánuð til þess að geta hafið veiðar á ný, og er það óþarflega langur tími til þess að útbúa skipin. Þau gætu jafnvel hafið veiðar strax um miðjan maí. Þetta er óþarfasóun, og verður ekki séð, að það ákvæði, sem mælir svo fyrir í lögum, að ekki megi hefja veiðar fyrr en 15. júní, hafi neinn tilgang. Því er lagt til í þessu frumvarpi, að veiðarnar megi hefja 1. júní í stað 15. júní. Með sömu rökum er lagt til, að veiðarnar megi standa einum mánuði lengur á haustin. Lögin ákveða nú, að þessum veiðum ljúki 31. október. Þá eru tveir mánuðir til vetrarvertíðar, og virðist óþarfi að ætla jafnlangan tíma til undirbúnings undir það veiðitímabil, enda er það svo, að í nóvembermánuði leitar flatfiskurinn einmitt frá landinu, og var því nóvember áður fyrr oft einhver beztí mánuðurinn, að því er aflabrögð snerti. Ætti þessi viðbót við dragnótatímamann að geta aukið aflaverðmætið í dragnót um 30%.

Hér er því lagt til, að dragnótatímabilið verði lengt um hálfan mánuð á vorin og einn mánuð á haustin.